


Í HNOTSKURN

# ÁHRIFAMAT

Tækniþróunarsjóðs  
2014-2018



## EFNISYFIRLIT:

|                      |    |
|----------------------|----|
| Inngangur            | 3  |
| Lykiltölur           | 4  |
| Aðferðafræði         | 5  |
| Niðurstöður          | 6  |
| IceMedico            | 7  |
| DoHop                | 8  |
| Niðurstöður          | 9  |
| Þátttaka í Eurostars | 10 |
| Orf Líftækni         | 11 |

Desember 2022  
Rannís í Hnotskurn: Áhrifamat Tækniþróunarsjóðs 2014-2018  
Desember 2022  
Umbrot og hönnun: Hnotskógur  
Prentun: Svansprent  
Ljósmyndir: Adobe Stock

## TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐUR


- Tækniþróunarsjóður styður þróunarstarf og rannsóknir sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi og leiða til endurnýjunar og bættrar samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs
- Markmið sjóðsins mótast í samræmi við áherslur Vísinda- og tækniráðs
- Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um styrkveitingar á grundvelli umsagna fagraða sem eru skipuð óháðum sérfræðingum
- Umsýsla sjóðsins er í höndum Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís)

## ÁHRIFAMAT

- Í þessu áhrifamati eru metin áhrif styrkja sem Tækniþróunarsjóður veitti á árunum 2014-2018
- Alls voru 441 verkefni af mismunandi umfangi styrkt fyrir 9,6 milljarða á árunum 2014-2018, ríflega tvöfalt meira en árin 2009-2013
- Íslensk fyrirtæki fengu styrki frá Evrópusambandinu að fjárhæð 11,4 milljarða króna og langflest þeirra höfðu áður fengið styrk frá Tækniþróunarsjóði
- Rannsóknarmiðstöð um nýsköpun og alþjóðaviðskipti framkvæmdi matið, sem byggir á hugmyndafræði um keðju áhrifa af styrkveitingum
- Áhrifamatið byggði á stöðluðum spurningarlistum og viðtölum til að meta áhrif styrkjanna og fá nánari innsýn í hvernig þeir styðja við starfsemi fyrirtækja og nánasta umhverfi þeirra

## LYKILTÖLUR TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐS 2014-2018

### ÚTHLUTUNARUPPHÆÐIR Í M.KR.



### FJÖLDI UMSÓKNA OG STYRKTRA VERKEFNA


|                           | Sótt um | Veitt | Hlutfall úthlutunar |
|---------------------------|---------|-------|---------------------|
| Fræ                       | 263     | 50    | 19%                 |
| Hagnýt rannsóknaverkefni  | 147     | 38    | 26%                 |
| Verkefnisstyrkir / Vöxtur | 808     | 163   | 20%                 |
| Frumherjastyrkir / Sproti | 551     | 95    | 17%                 |
| Markaðsstyrkir            | 347     | 95    | 27%                 |

## AÐFERÐAFRÆÐI ÁHRIFAMATS

### KEÐJA ÁHRIFA



### LÍKAN UM STÖÐUGA NÝSKÖPUN



## HÁPUNKTAR ÚR ÁHRIFAMATI

### STYRKIR SJÓÐSINS LEIDDU TIL:



Nýrra frumgerða  
af vöru eða þjónustu  
hjá **91% styrkþega**



Aukinnar veltu  
hjá **77% styrkþega**



Auknum hagnaði  
hjá **56% styrkþega**



Stofnun nýrra  
fyrirtækja  
hjá **45% styrkþega**



Auknu aðgengi  
að nýjum mörkuðum  
hjá **64% styrkþega**



Aukinni markaðs-  
hlutdeild erlendis  
hjá **55% styrkþega**

### DYR OPNAST Á FREKARI FJÁRMÖGNUN:



**23% styrkþega**  
fá fjármagn frá  
erlendum fagfjárfestum



**23% styrkþega**  
fá fjármagn frá  
erlendum rannsókn-  
og þróunarsjóðum



**11% styrkþega**  
fá styrki frá  
Rannsóknasjóði



Fyrirtæki í nærmynd

## IceMedico

IceMedico ehf. er íslenskt fyrirtæki stofnað árið 2008 af Dr. Þorbjörgu Jensdóttur, en hún hefur yfir 15 ára reynslu í hagnýtum rannsóknum í sælgætisgeiranum. Framtíðarsýn fyrirtækisins er að bæta munnheilsu heimsins. IceMedico hefur einkaleyfi um allan heim á einstakri munntækni sem kallast HAp+ sem stuðlar að munnheilsu og áhrifaríkri munnvatnsörvun.

**IceMedico hlaut þrjá styrki á tímabilinu 2014-2018, og fékk einn styrk til viðbótar árið 2020.** Nánar tiltekið eykur HAp+ munnvatnsframleiðslu allt að 20 sinnum umfram magn óörvaðs munnvatns, og er til dæmis þrisvar sinnum virkari munnvatnsörvandi miðill en tyggigúmmí. HAp+ er sykurlaus, ferskur en ekki glerungseyðandi moli. HAp+ byggist á yfir 10 ára rannsóknum og er verndað af einkaleyfi og viðskiptaleyndarmálum. HAp+ telst til tannheilsu markaðs sem nemur yfir einum milljarði bandaríkjadollara. Þessi markaður er vaxandi á heimsvísu.

## DoHop

DoHop er flugleitavél sem leitar að leiðum milli tveggja staða og gerir síðan verðsamanburð á milli fjölmargra flugfélaga og ferðaskrifstofa. DoHop getur einnig fundið gistingu og bílaleigubíla. DoHop var valin besta flugleitavél í heimi af World Travel Awards 2014, og svo 2016-2020.

### DoHop hefur hlotið fimm styrki frá Tækniþróunarsjóði á tímabilinu.


Auk þess hlaut fyrirtækið SME1 styrk úr sjóðum Evrópusambandsins árið 2016 fyrir verkefnið Leveraging the Environment of Civil Air Transport with DOHOP. Erlendir aðilar hafa einnig fjárfest í DoHop, t.d. Scottish Equity Partners fyrir tvo milljarða á tæpum tveimur árum.



## HÁPUNKTAR ÚR ÁHRIFAMATI



Hjá **82%** styrkþega urðu til ný tímabundin störf



Hjá **73%** styrkþega urðu til ný framtíðarstörf



Hjá **64%** styrkþega jókst starfsöryggi



Hjá **56%** styrkþega jókst hlutdeild ungs fólks í nýsköpun



Hjá **55%** styrkþega jókst hlutdeild kvenna í nýsköpun og tækniþróun



Hjá **25%** styrkþega jókst hlutdeild erlendra innflytjenda í nýsköpun og tækniþróun



Án styrkja hefðu **95%** nýsköpunarverkefna ekki orðið að veruleika að mati viðmælenda

## ÞÁTTAKA Í EURORSTARS

Eurostars er fjármögnunaráætlun sem stendur íslenskum fyrirtækjum til boða til að fjármagna alþjóðleg samstarfsverkefni um rannsóknir, þróun og nýsköpun. Styrkurinn er ætlaður fyrir lítil og meðalstór nýsköpunarfyrirtæki sem stefna á markað í alþjóðlegu samstarfi.

Tuttugu íslensk fyrirtæki hafa hlotið Eurostars styrk frá upphafi og hlutu þau styrk samtals að fjárhæð 272 milljónir króna.

### Fyrirtæki sem fengu Eurostars styrki 2015-2018

- HR & Boxið
- Activity Stream
- Oculis ehf.
- Stiki ehf.
- Videntifier (áður Eff2 Technologies )
- ORF- Líftækni hf.
- Zymetech (áður Ensímtækni ehf.)
- Mátis og Sæbýli

### Styrkþegar hafa notið góð ávinnings af verkefnum

- Fyrirtækin ná að jafnaði 15% aukningu í veltu
- 73% viðmælenda töldu Eurostars styrki hafa skapað framtíðarstörf og 81% töldu þá hafa skapað tímabundin störf
- 69% fyrirtækjanna ná vörum inná nýjan markað og 68% hafa náð aukinni markaðshlutdeild
- Samstarf í rannsóknum og þróun hefur leitt til nýrra viðskiptatengsla
- Fyrirtækin hafa náð auknum sýnileika á sínu sérsviði

Fyrirtæki í nærmynd

## Orf líftækni

ORF Líftækni er plöntulíftækni fyrirtæki sem er brautryðjandi í þróun og framleiðslu hágæða raðbrigða próteina. ORF líftækni hefur þróað einstakt kerfi sem notar byggkorn sem farartæki til framleiðslu á raðbrigðum próteinum úr mönnum og dýrum. Þetta hefur skilað sér í umfangsmiklu safni raðbrigða próteina fyrir stofnfrumutæknirannsóknir, húðvörur, líftæknilyf og kjötframleiðslu.

**ORF Líftækni er fékk tólf styrki frá Tækniþróunarsjóði á árunum 2004 – 2018.** Fyrirtækið fékk einnig Eurostars styrk árið 2015 upp á 45 milljónir í samvinnu við danska samstarfsaðila. Markmiðið með Eurostars verkefninu er að fækka þeim sem veikjast af kampýlóbakter-sýktum kjúklingum með þróun nýs fóðurukefnis úr erfðabreyttum byggfræjum.





**Tæknipróunarsjóður**

Rannís - Rannsóknamiðstöð Íslands  
Borgartún 30, 105 Reykjavík  
sími 515 5800, rannis@rannis.is  
[www.rannis.is](http://www.rannis.is)

